



FJÖLBRAUTASKÓLI
VESTURLANDS

Bæjarstjórn Akranesbæjar
Berist til Sigríðar Indriðadóttur
Stíllholt 16-18
300 Akranes

Akranesi, 8. apríl 1015

Ágætu viðtakendur.

Sveitarfélög, sem eiga aðild að samningi um Fjölbrautaskóla Vesturlands, hafa mjög oft tekið þátt í kostnaði við kaup á tækjum fyrir skólann. Erum við þakklát fyrir þann stuðning sem hefur verið skólanum mikils virði. Með þessu móti hafa sveitarfélögin, ásamt mennta- og menningarmálaráðuneytinu, staðið í sameiningu að uppbyggingu skólans. Í ágúst 2014 sendi þáverandi skólameistari Fjölbrautaskóla Vesturlands bréf til bæjarstjórnar Akraness þar sem hann óskar eftir framlagi til tækjakaupa eins og undanfarin ár. Í desember á síðasta ári fengum við þær upplýsingar að bæjarráð hafi því miður ekki getað orðið við erindinu, styrkbeiðni að upphæð kr. 2.390.000 til tækjakaupa vegna endurnýjunar á búnaði iðnbrauta.

Á fundi með bæjarstjóra Akraneskaupstaðar í janúar var rætt um að skólinn endurtæki beiðni sína þar sem ljóst er að fjárframlög frá ríkinu nægja ekki ein og sér til að mæta þessum kostnaði.

Að þessu sinni er óskað eftir styrk til að endurnýja eftirfarandi búnað málmtækisviðs:

TIG suðuvél 420.000 kr.

Endurnýjun gasbúnaðar 750.000 kr.

Með von um tekið verði jákvætt í ofangreinda beiðni.

Bestu kveðjur,

Ágústa Elín Inghórsdóttir, skólameistari

AKRANESKAUPSTAÐUR		
Stj. nr. 3.11	Stofn. nr. anj	Mittla 10 APR. 2015
Nom. RA	Dr. nr. OIA	Afrit
Síman.	Fölvup.	Fax
Swart.	Ím. mál	Eskj.
M. nr. 1409009		